



AÐALFUNDUR FÉLAGS HEYRNARLAUSRA 2021

Aðalfundur Félags heyrnarlausra verður haldinn fimmtudaginn 20. maí næstkomandi í félagsheimili Félags heyrnarlausra að Þverholti 14,105 Reykjavík.
Fundurinn hefst kl. 17:00 stundvíslega og stendur til kl. 19.00.

Dagskrá fundarins samkvæmt lögum Félags heyrnarlausra er eftirfarandi:

Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

- a) Formaður félagsins setur fundinn
- b) Kosning fundarstjóra
- c) Kosning ritara
- d) Endurskoðaðir reikningar fyrir síðasta almanaksár lagðir fram til samþykktar
- e) Formaður les skýrslu stjórnar frá tímabili síðasta aðalfundar
- f) Umræður um skýrslu stjórnar
- g) Bornar upp tillögur er fyrir fundinn hafa verið lagðar
- h) Kosning formanns félagsins og tveggja annarra aðalstjórnarmanna
- i) Tillögur um lagabreytingar, ef fyrir liggja
- j) Ákvörðun félagsgjalds
- k) Önnur mál

Framboðum til stjórnar félagsins og tillögum að lagabreytingum skal skila til skrifstofu félagsins sem kemur þeim til kjörnefndar eigi síðar en 21 dögum fyrir boðaðan aðalfund. Stjórn félagsins er þó heimilt að víkja frá þessu frestsskilyrði ef sérstakar aðstæður mæla með því hvað varðar framboð til stjórnar.

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu áskilur stjórn Félags heyrnarlausra að gera breytingar á dagsetningu aðalfundarins með skömmum fyrirvara skv. reglum almannavarna um samkomutakmarkanir.

<http://www.deaf.is/umfelagid/um-felagid/log-felagsins/>

Stjórnin